

## Karateþing 25.febrúar 2017

Reinharð Reinharðsson formaður KAÍ setur 30.þingið 25.febrúar 2017 kl 12:00

Ólafur Hreinsson frá KFR er kosinn þingforseti

María S Jensen er kosinn þingritari

Til máls tekur Hafsteinn Pálsson frá ÍSÍ

Hann ræðir um breytingu á afreksjóði og góð samskipti við Karatesambandið.

Lottó og útbreiðslustyrki. Talaði um helstu verkefni sem ÍSÍ er með t.d. Lífshlaupið, Hjólað í vinnuna og kvennahlaupið. Að sinna eigi almenningsíþróttum og umhverfismálum.

Reinharð Reinharðsson var sæmdur gullmerki ÍSÍ úr hendi Hafsteins Pálssonar.

Ólafur tekur við þingstjórn.

Óskar Reinhard til hamingju.

Kosið er í nefndir:

**Kjörbréfanefnd:** Helgi Jóhannesson Formaður, Ingólfur Snorrason, Þorsteinn Guðmundsson

**Fjárlaganefnd:** Haukur Jónsson Formaður, Sigþór Samúelsson, Arnar Jónsson

**Laga og leikreglanefnd:** Pétur Ragnarsson Formaður, María Guðmundsdóttir, Willem Verheul

**Alsherjarnefnd:** Halldór Pálsson Formaður, Ævar Austfjörð, Bjarki Logason

**Kjörnefnd:** Reinharð Reinharðsson Formaður, Ólafur Engilbert Jónsson, Jackie Becker

### Stjórn flytur skýrslu sína

Reinharð Reinharðsson flytur skýrslu stjórnar. Hún liggur frammi fyrir þinggesti.

Farið yfir mót hjá landsliðinu, 2 nýjir landsliðsþjálfarar, karate verður ein að nýju greinum á Ólympíuleikunum 2020 og á Ólympíuleikum æskunnar 2018. Karate er ólympískt samband næstu 4 árin.

Héldum fyrstu 2 mótin utan höfuðborgarsvæðisins en það er þáttur í starfinu.

Þakkar nefndum og stjórn starfið á árinu.

Ólafur býður kjörbréfanefnd orðið

Helgi Jóhannesson tekur til máls.

13 félög skráð 8 skila inn og allt löglega skráð og líkur þar með nefndin störfum.

Reinhard kynnir reikninga félags. En það er síðasta bls í skýrslunni.

Ólafur leggur reikningana undir þingheim til samþykktar.

Reikningarnir eru samþykktir.

Ólafur bendir á laust blað sem er inn í skýrslu er varðar störf kumite landsliðsins frá landsliðsþjálfara.

Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

**Þingskjal no.1** er Fjárhagsáætlun fyrir 2017

Reinhard kynnir hana. Og er henni vísað í fjárlaganefnd.

Þorsteinn Guðmundsson kom með spurningu hvort greiðsla fyrir dómara sé inni í þessari áætlun en svo er ekki.

Helgi Jóhannesson bendir á að hækkun vegna Smáþjóðamóts og Norðurlandamót í dómaramálum

María Helga Guðmundsdóttir spyr um ferðakostnaður erlendis, hví er lækkun? Fjárhagsáætlun varfærin frá stjórn.

Ólafur tekur til máls.

Engar lagabreytingar hafa borist.

Ein tillaga vegna bikarmóta hjá Kai. Að þeir sem verða 16 ára á árinu hefji keppi um haustið á fyrsta móti hauststins. Er vísað í nefnd.

Afrestefna 2017-2018, vísað í nefnd.

Aðrar tillögur og önnur mál sem hafa borist stjórn.

Greiðsla fyrir dómgæslu og er það lagt fyrir nefnd.

Skráning og vigtun keppenda fyrir mót og er lögð fyrir nefnd.

Ekki fleiri tillögur.

Þinghlé í klukkustund og taka nefndir til starfa og ræða sín þingskjöl.

Þing er sett aftur kl 14:00

Ólafur tekur til máls.

### **Fjárlaganefnd þingskjal no 1**

Haukur tekur til máls. Fjarlagnesnefnd hefur farið yfir. Reikna með að laun dómara verði samþykkt og af því verður breytt tekjur af mótum hækk í 2,5 og aukinn kostnaður um 1,0 gert með fyrirvara að tilagan verði samþykkt. Kai á ekki að skila hagnaði og helsti kostnaður eigi að vera á ferðir erlendis. Tekjur eru að aukast. Og gerir nefndin ekki frekari athugasemdir.

Sveinbjörn frá Fylki bendir á að setja þetta á kostnað á mótum en Reinhard bendir á að setja þetta á dómarakostnað.

Jackie spyr afhverju kostnaður fari á ferði erlendis á landslið en ekki áhöld og tæki.

Elías Fylki spyr afhverju þetta eigi að vera í núlli. Haukur svarar að þetta séu ekki samtök til að hagnast á.

Atkvæðagreiðsla um breytta fjárhagsáætlun og er hún samþykkt.

### **Laga og leikreglanefnd Þingskjal no 3**

Pétur Freyr Ragnars tekur til máls

Keppni á Bikarmótum er dregin til baka og vísað til stjórnar.

### **Þingskjal no 6 vigtun og skráning**

Skráning og vigtun keppenda.

Valgerður spyr um tímaramma.

Rut að standast vigt við hvað er miða, 0,1 eru skekkjumörk.

María Helga kemur með þá hugmynd að mótanefnd auglýsi tímaramma og ef þú mætir ekki þá ertu að fyrirgera rétti þínum til að keppa.

Alsherjarnefnd talaði einnig um þetta. Og benti á videóvigtun fyrir þau lið sem eru úti á landi.

Atkvæðagreiðsla og er hún samþykkt með einu atkvæði á móti.

*„Allir keppendur í kumite 12 ára og eldir skulu staðfesta þátttöku og standast vigtun áður en mót hefst. Vigtun skal haldin daginn fyrir mót og á mótisdag fyrir upphaf móts. Standist keppandi ekki vigtun missir hann keppnisrétt „ Þingskjal 6*

Alsherjarnefnd Halldór Pálsson

### **Afreksstefna Þingskjal no 2**

Öll félög á landinu beri sama nafn.

Landsliðsþjálfara setja upp æfingar.

Fjárhagur í landsliðsmálum

María Helga spyr um þar sem 0 upphæð er hvort það sé þar sem engir keppendur fari og bendir á að 2-4 keppendur séu skráðir á HM í Perú. Þar sem 0 er er talið ólíklegt að við sendum keppendur eins og t.d. til Perú

*„ Landsliðsþjálfarar þeir þurfa að hafa lokið þjálfaranámskeiði hjá ÍSÍ.*

*Afrek skal vera að komast í sex manna úrslit.*

*Landsliðsþjálfari ekki landsliðsnefnd þarf að hafa skipulagaðar landsliðsæfingar.*

### **Þingskjal no2.**

Borið upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt.

### **Greiðsla dómara Þingskjal no 4**

Pétur tekur til máls.

Gæti verið inn í mótagjöldum en þarf að skýra þetta betur.

Willem spyr hvort mótagjöld yrðu þá hækkuð- líklegast er það talið.

Anna María spyr hvernig eigi að framkvæma þetta.

Óli Hreins segir að þetta geti verið gulrót fyrir suma en ekki endilega gott.

-Ef ég fæ greitt þá mæti ég-

Pétur segir að vandræði að fá dómara og marg oft rætt að greiða þeim en telur þetta lið til að koma þessu í lagi.

María Helga skýtur á tölur 1,3-1,4 yfir árið með lágmarks dómara fjölda.

Valgerður- spyr hvort að félög rukku fyrir mótin. Ekki hækka keppnisgjöld.

Rut segir að í fimleikum sé rukkað dómargjald á iðkenda 4000.

Þorsteinn segir að í dansi er ekki dómargjald heldur selt inn á mótin.

Óli talar um hvað mikil tími fari í að undirbúa mót og að hvert og eitt félag greiði sínum dómara.

Að hvert félag sjái um sitt, verði að senda dómara, starfsfólk og gangi frá greiðslum fyrir sitt fólk.

Iðkendur þurfa á þessu að halda dómara og fl.

María Helga segir að það sé til hve margir dómara voru á mótum í fyrra og reikna þetta út og hækka mótagjöldin.

María Jensen bendir á að mesti kostnaður við mótum séu verðlaunin það er enginn hagnaður.

Mótagjöld fari í kaup á verðlaunum.

Textinn í hlutfalli við fjölda iðkenda detti út.

Þorsteinn telur upphæðin geta verið neikvæð.

Þjarki að þetta fái frekar þá yngri til að mæta ef þeir fá greitt.

„rukka aðildarfélög fyrir þessa vinnu í hlutfalli við fjölda keppenda frá viðkomandi félagi. (hugsanlega inn í mótagjöldum)

#### **Þingskjal no4**

Borið upp til atkvæða tillagan er samþykkt

#### **Fjöldi dómara á mótum Þingskjal no 5**

Halldór les upp skjalið.

Fjörugar umræður um þetta í nefndinn. Fyrir litil og ný félög sé þetta alltof erfið krafa.

Sendi annað hvort dómara eða starfsmenn (4-5 starfsmenn)

Miða við fjölda iðkenda í félagi

Reinhardt kynsir tillöguna. Fyrir 7-8 árum kom þetta fram.

Dæmi:

7 félög senda keppendur á mót ca 70 keppendur 7 dómara löglegir þá getum við haft 1 völl.

En að fyrir hverja 5 keppendur sé 1 dómari og að dómara námskeið verð fjölgað.

Þjóða upp á námskeið fyrir þau félög sem ekki eiga réttindadómara.

Willem tekur til máls segir að er það eigi bara að vera 5 keppendur og þá þurfi að velja. Segir að ekki hafi verið fylgt eftir. Og að þetta geti tekið tíma hjá félögunum.

Óli talar um t.d mótið á morgun sem er frá 9-19 og hvernig dómara sem eru búinir að sitja þarna frá 9 hvernig þeir verði í úrslitum kl 18:00

Arnar þurfum við að fylgja wkf reglum?

Elías svarar þessu- nei það er ekki boðlegt að hafa fáa dómara.

Óli segir hvað er sanngjart gagnvart okkar keppendum.

Arnar bendir á Frakkland er þetta ekki virt. Afhverju ekki slaka á reglum á minni mótum.

Jóhannes bendir á að mikið af starfsfólki komi frá mörgum félög.

Willem sammála Óla en að þetta leið ekki til lausnar.

Rut segir að minni félög geti þetta ekki verð ég þá að velja keppendur.

Elías bendir á þjálfarar séu gildir til að taka dómaraþróf.

Rut er með 40 iðkendur 1 svartbelting. Bendir á að foreldrar séu ekki tilbúnir í dómaraþróf.

María Helga spyr hvað er það sem hindrar félög í að senda á dómaraþróf. Jafnvel minnka kröfurnar.

Rut segir að fólk treysti sér ekki í þetta.

Óli bendir á að félög hafi tíma til að byggja þetta upp. Og gott að hafa starfsfólk sem kann þetta.

Sumir halda að þetta sé háskólagráða og að allt þetta ferli sé of erfitt. Hverjir eru tilbúnir í þetta. Þetta byggist upp á reynslu.

María Helga bendir á innanfélagsmótum hjá þeim sé 1 réttindadómari og þjálfari þannig aðra upp.

Willem bendir á að þetta sé ekki vöntun á dómurum heldur að þeir mæta ekki.

Þorsteinn spyr hvort Þórshamar og Breiðablik sem er með flesta dómara hvort þau séu oft með of marga dómara á mótum. Hvort hægt sé að leigja dómara?

María getur ekki svarað fyrir önnur félög.

Anna María 16 ára sé aldurtakmark að þau hafi ekki tíma vegna náms eða vinnu. Hvort það sé ekki hægt að lækka mörkin í 14 ára?

Elías segir og telur hann sig ekki fara með rangt mál að það er ekki aldurstakmark á námskeiðin en 16 eru réttindin.

María Helga hvetja félögin að hafa samband við önnur félög. Að fá dómara til að taka þátt í innanfélagsmóti hjá öðru félagi.

Ævar segir að þetta sé stefna síns félags að byggja upp dómara. Segir að hann geti ekki samþykkt þetta .

*„senda 1 réttindadómara eða starfsmenn fyrir hverja 5 keppendur“*

### **Þingskjal no5**

Atkvæðagreiðsla allir á móti og er hún feld.

### **Kjörnefnd**

Reinharð gefur kost á sér áfram

María Jensen, Sigþór Samúelsson, Arnar Þór Jónsson og Jacqueline Becker gefa kost á sér í aðalstjórn.

Þar sem eru 5 í framboði um 4 sæti þarf að kjósa en það hefur ekki komið upp í 15 ár.

### **Önnur mál**

Pétur breytingartilaga um Bikarmótið aldurstakmark í flokka. En alstaðar annarsstaðar að þar er afmælisdagur. Íslands-, Bikar- og Bushidomót að þar sé afmælisdagur en ekki ár og að keppnisár hefjist í janúar.

Óli mælir með þessu þar sem þetta er alstaðar svona. Verði kannski til að sumarið verði ekki dautt.

Þorsteinn tekur til máls. Finnst að iðkendum hafa fækkað og hrósar Ingólfi Snorrasyni fyrir að lyfta kumite hlutanum upp og Maríu Helgu fyrir að standa sig vel og taka þátt í jafnréttindabaráttu fyrir ÍSÍ.

Ólafur minnst á Ingólf og Maríu Helgu og hrósar þeim báðum. Og að við erum ekki bara með kumite heldur er líka kata. Þar er kominn nýr landsliðsþjálfari.

Stefán KFR. Bendir fólki á Videóin hans Ingólfs og frétt í vefmiðlum að skoða og klicka og like því það telur alltaf.

Jóhannes segir að allt sé sett í bæjarblaðið hjá Mosó.

Rut spyr þar sem kumite sé orðið svo áberandi hvort ekki sé hægt að gera eins fyrir kata.

Spyr hvað með landsbyggðina eiga þau sömu möguleika á að komast í landsliðið.

Reinhard svarar þessu- opnar landsliðsæfingar, landsliðshópar sem er minni hópur og valið úr honum á mót. Kata mánaðarlega opin æfing og kumit 1-2 í mánuði. Þeir ætla að hafa samband við félögin og taka landsliðshópinn eða hluta hans með sér. Vilhjálmur fór í Breiðablik í síðustu viku og var Helgi Jóhannesson með honum í því. Teljum þetta útbreiðslu og ef félög utan af landi óski eftir landsliðsþjálfara að KAI borgi hluta af þessu t.d. flug. Reinhard bendi þeim á að hafa samband við landsliðsþjálfara og jafnvel fengið einhverja landsliðskeppendur með.

Magnús KFA hvernig á að kynna karate.

Reinhard svarar því og bendir á bækling sem gefin var út fyrir nokkrum árum. 1500 iðkendur en 300 sem keppa. Höfum ekki farið í markvist auglýsingar eða kynningarstarf. Vorum í beinni frá RIG hjá RÚV. Látum MBL, RÚV og Stöð 2 alltaf vita um mótin og sendum fréttir.

Þorsteinn stingur upp á að móta hópa og hvernig eigi að auglýsa sportið.

María Helga spyr um útbreyðslustyrk að búa til myndband um íþróttina og hvær er hægt að nálgast íþróttina. Aðkoma frá KAI og öllum félögum og dreifa á landsvísu.

Óli bendir á karatedaginn sem haldinn var fyrir nokkrum árum. Karatefélögin eru opin fyrir alla.

Rut segir frá að þetta sé mikið búst fyrir félagið því það er farið einu sinni á ári, og hvort fleiri félög væru til í þetta þ.e. að koma norður. Akureyrarbær væri til í að styðja við þetta.



Ævar segir að mótið hafi verið mikil lyftistöng fyrir félagið hjá sér.

### **Kosning stjórnar**

5 gefa kost á sér í 4 sæti í aðalstjórn.

Og þarf hún að vera leynileg samkvæmt lögum

Og hefst nú æsispennandi leynileg kosning.

### **Kosning fór:**

María Jensen 30 atkvæði

Willem Verhaul 28 atkvæði

Arnar Þór Jónsson 24 atkvæði

Jacke Becker 23 atkvæði

Sigþór Samúelsson 23 atkvæði

Þar sem þau voru jöfn var kosið aftur á milli þeirra.

Jackie 17

Sigþór 13

3 í varastjórn

Guðmundur Ásmundsson

Rut Guðbrandóttir

Ævar Austfjörð

Þau eru rétt kosinn í varastjórn

**Skoðunarmenn reikninga:**

Haukur Jónsson

Valgerður Helga Sigurðardóttir

Þau eru réttmætir skoðunarmenn

**Aganefnd:**

Ásmundur Ísak Jónsson formaður

Guðni Már Einarsson

Ólafur Helgi Hreinsson

Willem C Verheul

Magnús KR Eyjólfsson

**Varamenn:**

Indriði Jónsson

Grétar Örn Halldórsson

Vicente Carrasco

Er réttkjörnir

Val fulltrúar á íþróttabingi vísað til stjórnar.

Reinharð tekur til máls og slítur Karateþingi 16:05